

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700003/bs


Deiliskipulag - Hlöðuvellir. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær til núverandi skálasvæðis vestan Hlöðufells sem er um 1,7 ha að stærð. Innan þess verður leyfilegt að byggja hesthús, viðbyggingu við skála eða nýjan skála og salernishús.

Ráðgert er að bora fyrir vatni. Eina teljandi jarðrask verður þegar grafið verður fyrir rotþró. Í umhverfisskýrslu kemur fram að fyrirhuguð uppbygging á Hlöðuvöllum verði ekki umfangsmikil. Áhersla er lögð á að halda byggingum nokkuð þétt svo þær skapi eina heild. Byggingar verða lágreistar, málaðar í mosagrænum lit og því ekki áberandi í umhverfinu. Einnig verður hægt að fjarlægja þær allar án þess að skilja eftir mikil ummerki og framkvæmdin því afturkræf.

Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að framkvæmdum með ofangreindum hætti muni hún hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
sérfræðingur


Sigurður Ingason